



Aukafundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn föstudaginn 14. apríl 2023 og hófst kl. 12:15. Fundurinn var haldinn á Teams.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Orri V. Hlöðversson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

Mættur framkvæmdastjóri: Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

1. Rætt var um landsliðsþjálfaramál.
 - a. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður KSÍ fór vel yfir og upplýsti stjórn um það hvernig staðið var að leit að nýjum landsliðsþjálfara og fór yfir feril Áge Hareide.
 - b. Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri kynnti stjórn KSÍ samningdrög við Áge Hareide.
 - c. *Stjórn KSÍ samþykkti ráðningu Áge Hareide sem landsliðsþjálfara A landsliðs karla.*
 - d. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður KSÍ og Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fóru yfir uppgjörsmál við fyrrverandi þjálfara.
2. Vallarleyfi.
 - a. Fyrir liggja uppfærðar upplýsingar varðandi umsókn um vallarleyfi fyrir Miðgarð. *Stjórn KSÍ samþykkti að veita Miðgarði vallarleyfi C með fyrirvara um að lokið verði við minniháttar úrbætur.*
3. Meistarakeppni KSÍ.
 - a. Framkvæmdastjóri KSÍ upplýsti stjórn um nýjan verðlaunabikar í Meistarakeppni kvenna, Svanfríðarbikarinn, nýjan farandbikar til heiðurs Svanfríði Guðjónsdóttur, sem var fyrsta konan í stjórn KSÍ og hefur unnið ötullega að uppbyggingu knattspyrnu kvenna á Íslandi.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi var slitið kl. 13:20